

Streymisveita Hayu

08.12.2025

Hayu er streymisveita sem býður upp á mikið úrval raunveruleikabátta og fylgir með Sjónvarpi Símans Premium. Hluti efnisins er aðgengilegur í Sjónvarp Símans Premium viðmótinu, en til að nálgast allt efnisframboð Hayu getur þú sótt Hayu appið í snjalltækið þitt eða horft í vafra á [heimasíðu Hayu](#).

Tengja Hayu við Sjónvarp Símans Premium

Ef þú ert áskrifandi að Sjónvarpi Símans Premium getur þú sótt kóða til að tengja streymisveitu Hayu við áskriftina þína.

- Fylltu út [þetta form](#) til að fá kóða sendan í tölvupósti.
- Passaðu að nota sömu kennitölu og er skráð fyrir Sjónvarp Símans Premium áskriftinni.
- Einn kóði að Hayu fylgir hverri Sjónvarp Símans Premium áskrift.



Ertu ekki með Premium?

Þú getur keypt áskrift að Sjónvarpi Símans Premium á [vefnum okkar](#).

Ef þú ert ekki með Hayu aðgang

- Farðu inn á [vefsíðu Hayu](#) og stofnaðu aðgang.
- Veldu **mánaðarlega áskrift** á skjánum þar sem þú velur áskriftarleidd. Áskriftin er birt með verði, en það verður felld niður í næsta skrefi.
- Sláðu kóðann sem við sendum þér **iPromo code** reitinn á greiðslusíðunni. Þú þarft ekki að setja inn aðrar greiðsluupplýsingar.
- Þegar áskriftin hefur verið stofnuð birtist staðfestingarsíða.
- Nú ertu með fullan aðgang að Hayu í gegnum Símann og getur byrjað að horfa!

Ef þú ert nú þegar með Hayu aðgang

- Farðu inn á [vefsíðu Hayu](#) og skráðu þig inn.
- Farðu í **My Account** -> **Redeem a Voucher Code** og sláðu inn kóðann sem við sendum þér.
- Nú ertu með fullan aðgang að Hayu í gegnum Símann og Hayu hætta að rukka þig fyrir áskriftina.
- *Notendur með Hayu áskrift í gegnum App Store eða Google Play þurfa að segja henni upp og skrá sig aftur í gegnum [vefsíðu Hayu](#) til að innleysa kóðann.*



Virkjaðu á vefnum!

Þú getur aðeins virkjað kóðann á [vefsíðu Hayu](#), ekki í appinu þeirra. Eftir að aðgangurinn þinn hefur verið virkjaður getur þú notað Hayu appið eins og venjulega.